

# Fundargerð 885. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 12. júní kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Eypór Laxdal Arnalds, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Raket Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans hafði ekki tök á að mæta. Bjarni Jónsson boðaði forföll, varamaður hans Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Þórdís Lóa Þorvaldsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Dóra Björt Guðjónsdóttir mætti í hennar stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Í byrjun fundar fagnaði formaður því að loksins sé stjórnin að funda í eigin persónu.

### 1. Fundargerð 884. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 884. fundar stjórnar sambandsins frá 20. maí 2020.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

### 2. Stafræn frampróun sveitarfélaga - 1910010SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins og breytingastjóra stafrænnar frampróunar, dags. 9. júní 2020, um kynningu á stöðu verkefnis til að efla stafræna frampróun sveitarfélaga í samstarfi þeirra og hugmyndir um næstu skref.

Fjóla María Ágústsdóttir kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir málinu.

*Samþykkt að áfram verði unnið á grundvelli þeirra hugmynda sem kynntar voru á fundinum og að kanna afstöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga til að tilnefndir verði fulltrúar landshlutanna og Reykjavíkurborgar inn í stafrænt ráð sambandsins til að styðja við stefnumótun og forgangsröðun um stafræna frampróun sveitarfélaga og að til verði samstarf sveitarfélaga á landsvísu um þau mál.*

### **3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA**

Lögð fram fundargerð 126. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 13. maí 2020.

Stjórnin lýsir mikilli ánægju með hve vel tókst að standa vörð um skólastarf um allt land á meðan á Covid-19 faraldrinum stóð. Jafnframt er mikilvægt að farið verði vel yfir þá reynslu sem fræðsluyfirvöld fengu á þessum tíma. Tilfni er til þess að nýta til frambúðar það sem vel tókst og vinna að frekari nýsköpun í skólastarfi og stjórnsýslu sveitarfélaga.

### **4. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA**

Lögð fram fundargerð 33. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 8. júní 2020. Einnig lagt fram vegna 5. liðar fundargerðarinnar, yfirlit sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsvið sambandsins um helstu verkefni sambandsins á sviði skipulags- og umhverfismála, dags. 5. júní 2020.

Stjórnin hvarf að Loftslagssjóður skuli ekki hafa séð sér fært að styðja metnaðarfulla umsókn sambandsins, Umhverfisstofnunar og Landverndar og áréttar að það er ný lagaskylda fyrir sveitarfélögin að setja og innleiða loftslagsstefnu. Því er mikilvægt að faglegur og fjárhagslegur stuðningur fái til þessa verkefnis.

### **5. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1810074SA**

Lagðar fram fundargerðir 49. og 50. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 18. maí og 10. júní 2020.

Vegna lagafrumvarps um samræmda móttöku flóttafólks og næstu skref til innleiðingar leggur stjórn sambandsins mikla áherslu á að áform um sjóð til að mæta sérstaklega íþyngjandi kostnaði við móttöku flóttafólks nái fram að ganga. Brýnt er að ná sameiginlegum skilningi um markmið slíks sjóðs og að ákvæði um hann verði þáttur í fyrirhuguðum lagabreytingum.

### **6. Fundir Jónsmessunefndar - 2001057SA**

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 29. maí 2020. Einnig lagt fram vegna 1. liðar fundargerðar Jónsmessunefndar bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til sveitarstjórna landsins, dags. 25. maí 2020, um skil á upplýsingum um fjármál. Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu frá viðræðum við ráðherra o.fl. um hugsanleg viðbrögð af hálfu ríkisins gagnvart sveitarfélögum vegna COVID-19.

Stjórnin telur það vera áhyggjuefni að vegna frestunar á framlagningu fjármálastefnu og fjármálaáætlunar 2021-2025 muni óvissa í forsendum fjárhagsáætlana verða meiri en ella. Leggja þarf sérstaka áherslu á nána samvinnu hlutaðeigandi ráðuneyta, Hagstofu Íslands og sambandsins, þannig að tryggt verði með öllum ráðum að sveitarfélögin fái sem gleggstar upplýsingar, og í tæka tíð, fyrir gerð fjárhagsáætlana þeirra.

## **7. Áhrif hruns ferðapjónustu vegna COVID-19 á sveitarfélögin - 2005023SA**

Lögð fram afrit af minnisblöðum Byggðastofnunar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 12. og 19. maí 2020, um áhrif hruns ferðapjónustu vegna COVID-19 á sveitarfélögin og áhrif hruns ferðapjónustu vegna COVID-19 á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

*Stjórn sambandsins telur mikilvægt að Byggðastofnun og ráðuneyti sveitarstjórnarmála í samvinnu við sambandið, fylgist áfram vel með þróun fjármála sveitarfélaga og uppfæri reglulega það mat sem fram kemur í þessum minnisblöðum.*

## **8. Fasteignamat - 2006004SA**

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 27. maí 2020, varðandi fasteignamat, ásamt fasteignamati árin 2020-2021 og álagningu ársins 2020.

*Stjórnin tekur ekki afstöðu til erindisins en samþykkir að áframsenda erindið til allra sveitarfélaga. Í viðspyrnuáætlun sambandsins er hvatt til þess að sveitarfélög hækki ekki fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði umfram verðlagsbreytingar árið 2021. Það er svo hveirrar sveitarstjórnar að meta og ákvarða hvort hún vilji ganga lengra í mildun fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði en sú hvatning felur í sér. Í tengslum við þá ákvörðun verður að hafa í huga að mörg sveitarfélög hafa undanfarin ár brugðist við hækkun fasteignamats milli ára með lækkun álagningarhlutfalls. Eins eru fasteignamatsbreytingar milli árána 2020 og 2021 mjög mismunandi milli sveitarfélaga og lækka í sumum tilvikum. Loks er vert að benda á að breytingar á fasteignamati atvinnuhúsnæðis eru mismunandi eftir einstökum fasteignum innan hvers sveitarfélags.*

Halldóra Lóa kom inn á fundinn kl. 13:40 en vegna tæknilegra örðugleika komst hún ekki fyrr inn.

## **9. Nauðsynlegur stuðningur við sveitarfélögin í landinu vegna áhrifa COVID-19 - 2003041SA**

Lagt fram afrit af bréfi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 20. maí 2020, um nauðsynlegan stuðning við sveitarfélögin í landinu vegna áhrifa COVID-19.

*Stjórn sambandsins tekur undir áskorun SSNV til ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ríkisstjórnarinnar um nauðsyn þess að grípa til almennra aðgerða til að styðja sveitarfélög í landinu svo þau geti rækt hlutverk sitt og komist yfir þær erfiðu aðstæður sem nú eru uppi. Í því sambandi verði að horfa til þess hve Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er sveitarfélögunum mikilvægur.*

**10. Drög að reglum um fjárhagslega aðstoð jöfnunarsjóðs við sameiningu sveitarfélaga - 2006014SA**

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 10. júní 2020, um drög að nýjum reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, ásamt fylgiskjölum.

*Stjórn sambandsins styður þær breytingar sem felast í drögum að nýjum reglum um aukinn stuðning við sameiningar sveitarfélaga en leggur jafnframt þunga áherslu á að Alþingi samþykki að veita sérstök fjárframlög til sjóðsins til að standa undir kostnaði hans við væntanlegar sameiningar. Er það sérstaklega mikilvægt í ljósi þess tekjufalls sem sjóðurinn verður fyrir vegna áhrifa COVID-19. Stjórn sambandsins væntir þess að þessi sérstöku fjárframlög komi fram í næstu fjármálaáætlun ríkisins sem verður til umfjöllunar næsta haust.*

**11. Fundir um málefni hjúkrunarheimila - 2001028SA**

Lögð fram samantekt frá fundi um málefni hjúkrunarheimila sem haldinn var 20. maí 2020, punktar frá fjarfundi bakhóps um málefni hjúkrunarheimila sem haldinn var 2. júní 2020, og punktar frá fjarfundi bakhóps um málefni hjúkrunarheimila sem haldinn var 9. júní 2020. Einnig lagt fram sem trúnaðarskjal minnispunktar um samtal við heilbrigðisráðherra 3. júní 2020 vegna uppbyggingar hjúkrunarheimila

*Stjórn sambandsins hvetur til samstöðu meðal sveitarfélaga í viðræðum þeirra við ríkisvaldið um rekstur og uppbyggingu hjúkrunarrýma. Mjög áriðandi er að ríkið gæti jafnræðis sem viðsemjandi og á grundvelli heildarstefnu um heilbrigðisþjónustu sem tryggir öllum landsmönnum jafnt aðgengi að þjónustu. Óboðlegt er að ríkið neyti aflsmunar í samskiptum við einstök sveitarfélög með því að reyna að þvinga upp á þau ábyrgð á framkvæmd þjónustu sem ekki er lögbundið verkefni sveitarfélaga.*

*Stjórnin leggur áherslu á að vandað verði til sameiginlegrar úttektar heilbrigðisráðuneytisins, Sjúkratrygginga Íslands, sambandsins og SFV á rekstri og kröfúlýsingum gagnvart hjúkrunarheimilum. Jafnframt að sem allra fyrst fari fram sameiginleg vinna aðila við stefnumótun og skilgreiningu á fyrirkomulagi öldrunarþjónustu.*

**12. Umsóknir um stofnframlög 2020 - 1607020SA**

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 2. júní 2020, um umsóknir um stofnframlög 2020. Í minnisblaðinu kemur fram að hluti framkvæmda á vegum sveitarfélaga muni að óbreyttu ekki fá stofnframlag frá ríkinu við úthlutun ársins 2020. Forgangur sem sveitarfélögum er áskilinn samkvæmt lögum um framtíðarskipan húsnæðismála frá árinu 2016 hefur hingað til dugað en verulega augin eftirspurn samhliða kröftugri uppbyggingu atvinnuhúsnæðis gæti leitt til þess að slá verði áföngum á frest. Aukið fjármagn í þetta verkefni myndi nýta samtakamátt ríkis og sveitarfélaga til uppbyggingar með tilheyrandi atvinnusköpun víðsvegar um land og sporna þannig við neikvæðum afleiðingum COVID-19 heimsfaraldursins.

*Í minnisblaðinu kemur fram að hluti framkvæmda á vegum sveitarfélaga muni að óbreyttu ekki fá stofnframlag frá ríkinu við úthlutun ársins 2020. Forgangur sem*

sveitarfélögum er áskilinn samkvæmt lögum um framtíðarskipan húsnæðismála frá árinu 2016 hefur hingað til dugað en verulega aukin eftirspurn samhliða kröftugri uppbyggingu atvinnuhúsnæðis gæti leitt til þess að slá verði áföngum á frest. Aukið fjármagn í þetta verkefni myndi nýta samtakamátt ríkis og sveitarfélaga til uppbyggingar með tilheyrandi atvinnusköpun víðsvegar um land og sporna þannig við neikvæðum afleiðingum COVID-19 heimsfaraldursins.

Stjórn sambandsins skorar á ríkið að bæta fjármunum í kerfið við úthlutun stofnframlaga á þessu ári svo sveitarfélögin geti ráðist í þær nauðsynlegu framkvæmdir sem þau eru tilbúin til að gera til að koma á mótis við þarfir tekjulágra einstaklinga og fjölskyldna til að tryggja þeim öruggt húsnæði.

#### **13. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2020 - 1511181SA**

Lagt fram til minnisblað hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 26. maí 2020, um fyrirkomulag og áherslur fjármálaráðstefnu 2020.

Í ljósi þess að samkomur með allt að 500 manna þátttöku eru nú bráðum heimilar telur stjórnin að vinna skuli málið áfram m.v. sviðsmynd 1.

#### **14. Reykhólahreppur - ósk um endurnýjun kjarasamningsumboðs - 1803001SA**

Lagt fram bréf Reykhólahrepps, dags. 2. júní 2020, þar sem sveitarstjórn fer fram á að Samband íslenskra sveitarfélaga taki að nýju við samningsumboði fyrir hönd sveitarfélagsins vegna kjarasamningsgerðar. Tekið er fram að fyrir liggi skýr vilji sveitarstjórnar Reykhólahrepps til að hlýta þeim skilyrðum sem felast í framsali fullnaðarumboðs til sambandsins.

Stjórnin fellst á beiðni Reykhólahrepps og tekur sú ákvörðun gildi þegar sveitarfélagið hefur undirritað nýtt samkomulag við sambandið um samningsumboð.

#### **15. Kjarasamningur - 1911093SA**

Lagður fram til staðfestingar kjarasamningur milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félag íslenskra náttúrufræðinga, dags. 4. júní 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu á samningnum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamning við Félag íslenskra náttúrufræðinga. Jafnframt fagnar stjórnin því að samningur hafi náðst sem byggir á lífskjarasamningunum sem almennur samhugur er um í þjóðfélaginu.

#### **16. Staða kjaramála - 1905033SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 9. júní 2020, um stöðu kjaramála í júní 2020.

**17. Vatnsgjald - 1904006SA**

Lögð fram minnisblöð sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 9. júní 2020, um vinnu starfshóps um vatnsgjald, um reglur um gjaldskrár í Noregi og fleira, dags. 31. desember 2019, og minnisblað um vatnsveitur, vatnsgjald og tekjumörk veitna, dags. 10. júní 2020. Einnig lagt fram afrit af minnisblaði Samorku til ráðgjafaráðs veitufyrirtækja um úrskurð samgönguráðuneytisins um vatnsgjald og skýrsla Dr. Axels Hall, lektors við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, um hagræn sjónarmið um reglun veitustarfsemi, dags. 17. mars 2020.

**18. Vinnustofa um skráningu upplýsinga varðandi þjónustu við fatlað fólk - 1909027SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað, dags. 4. júní 2020, vegna vinnustofu um skráningu upplýsinga varðandi þjónustu við fatlað fólk.

**19. Tilnefning í stýrihóp um heildstæða löggjöf og stjórnarsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir - 2005026SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 19. maí 2020, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd í stýrihóp um heildstæða löggjöf og stjórnarsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**20. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sjávarútvegs, fiskeldis, lax og silungsveiði vegna einföldunar regluverks og stjórnarsýslu - 2005033SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 20. maí 2020, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sjávarútvegs, fiskeldis, lax og silungsveiði vegna einföldunar regluverks og stjórnarsýslu, 713. mál.

**21. Umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir - EES-reglur, plastvörur - 2005007SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 20. maí 2020, um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, plastvörur), 720.mál, ásamt fylgiskjali.

**22. Umsögn um tillögur að endurhæfingarstefnu - 1911101SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 22. maí 2020, um tillögur að endurhæfingarstefnu.

**23. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarhald og nýtingu fasteigna - 2002014SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 26. maí 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna, 715. mál.

**24. Umsögn um frumvarp til laga um ferðagjöf - 2005048SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 29. maí 2020, um frumvarp til laga um ferðagjöf, 839. mál.

**25. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál - 2006006SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 4. júní 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál nr. 123/2015, 842. mál.

**26. Umsögn um drög að reglugerð um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna - 2005037SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 4. júní 2020, um drög að reglugerð um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna, mál nr. 105/2020.

Fundi var slitið kl. 14:45

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Dóra Björt Guðjónsdóttir

---

Eypór Laxdal Arnalds

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

---

Kristján Þór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari